

## AUGLÝSING

### um reglur um takmarkanir á þátttöku frambjóðenda til almennra kosninga í dagskrá Ríkisútvarpsins.

Útvarpsráð samþykkti hinn 29. október 1993 eftirfarandi reglur um takmarkanir á þátttöku frambjóðenda til almennra kosninga í dagskrá Ríkisútvarpsins:

#### 1. gr.

Frambjóðendur í kosningum til Alþingis eða til sveitarstjórna skulu ekki, nema að því marki sem kveðið er á um í reglum þessum, koma fram í dagskrá Ríkisútvarpsins frá þeim degi sem framboðsfrestur rennur út.

Sama regla skal gilda um starfsmenn Ríkisútvarpsins sem í framboði eru og skal gilda einu hvort um fastráðna starfsmenn er að ræða eða lausráðna, svo og verktaka. Fastráðnir starfsmenn skulu tímabundið leystir frá dagskrárstörfum og þeim falin önnur verkefni hjá stofnuninni.

#### 2. gr.

Takmarkanir þær sem kveðið er á um í 1. gr. skulu einungis taka til frambjóðenda í aðalsæti. Með frambjóðendum í aðalsæti er átt við þá frambjóðendur í hverju framboði sem skipa jafn mörg efstu sæti viðkomandi framboðs og nemur fulltrúatölu þeirri sem kjósa á.

#### 3. gr.

Ákvæðum 1. gr. skal ekki beitt, þegar um er að ræða sérstakar dagskrár eða fréttapistla, sem dagskrárstjórn Ríkisútvarpsins hefur samþykkt í tilefni af kosningaundirbúningi, eða í öðrum tilvikum þegar beinlínis er gert ráð fyrir þátttöku frambjóðenda og fyllstu óhlutdrægni er gætt í samræmi við starfsreglur Ríkisútvarpsins.

#### 4. gr.

Fréttastofur skulu forðast að leiða frambjóðendur fram í fréttum eða fréttatengdum þáttum eftir að framboðsfrestur rennur út og þar til kosningar eru um garð gengnar, nema sterk rök mæli með nauðsyn þess að viðkomandi komi fram í fréttum, eða til hans sé vitnað vegna sérstaklega frétt næmra atvika.

#### 5. gr.

Að því er varðar frambjóðendur í prófkjöri eða forvali um skipan sæta í framboði skulu fréttastofur forðast að leiða þá fram í fréttum eða fréttatengdum þáttum eftir að þeir hafa tilkynnt um framboð sitt í prófkjöri eða forvali og þar til prófkjör eða forval er um garð gengið, nema sterk rök mæli með nauðsyn þess að viðkomandi komi fram í fréttum, eða til hans sé vitnað vegna sérstaklega frétt næmra atvika.

Nú tekur starfsmaður Ríkisútvarpsins þátt í prófkjöri eða forvali og fær þar kosningu sem mun leiða til framboðs í aðalsæti og skal hann þá þegar leystur frá dagskrárstörfum fram yfir kosningar. Fastráðnum starfsmönnum skulu falin önnur verkefni hjá stofnuninni.

#### 6. gr.

Reglur þessar taka ekki til þátta sem byggjast á sameiginlegu framlagi fleiri en tveggja listflytjenda, svo og leikrita, kvikmynda eða hljómsveitartónleika.

Deildarstjórar skulu vísa vafaatriðum til útvarpsstjóra sem skal meta hvort hann vísar þeim til úrskurðar útvarpsráðs eða lýkur sjálfur ákvörðun um þau.

## 7. gr.

Reglur þessar eru settar með stoð í 2. mgr. 20. gr., sbr. 2. mgr. 15. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 og öðlast þegar gildi.

Framangreindar reglur eru hér með birtar að ósk Ríkisútvarpsins.

*Menntamálaráðuneytið, 17. janúar 1994.*

F. h. r.

**Guðríður Sigurðardóttir.**

Árni Gunnarsson.

## GJALDSKRÁ

**um sorphirðu fyrir Húsavíkurkaupstað árið 1994.**

## 1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1994, sem er innheimt með fasteignagjöldum.

## 2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) **Íbúðir.**

Sorphirðugjald kr. 5.000 á íbúð.

B) **Fyrirtæki.**

Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur a) . . . . .	kr. 15.000
Flokkur b) . . . . .	kr. 30.000
Flokkur c) . . . . .	kr. 60.000
Flokkur d) . . . . .	kr. 120.000

Bæjarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka.

C) Eyðing á brennanlegu sorpi fyrir önnur sveitarfélög í sorpeyðingarstöð kostar fyrir árið 1994, 6 kr/kg.

## 3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytið, 24. janúar 1994.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.